

Hvernig geta foreldrar hjálpað börnum með lestrarnámið? Grunnskólinn

Í meistaraprófsritgerð Anítu Bjarkar Helgadóttur, sem ber heitið „Árangursríkt lestrarnám byggir á góðu samstarfi skóla og heimilis. Reynsla og upplifun kennara og foreldra“, rannsakaði hún hvort og hvernig samstarf heimilis og skóla gæti stuðlað að árangri í lestrarnámi, hvaða leiðir væru árangursríkar og hvert hlutverki kennarar og foreldrar væru í því sambandi. Niðurstöður sýndu fram á að gott og markvisst samstarf heimilis og skóla geti stuðlað að árangri í lestrarnámi nemenda. Einnig kom fram mikilvægi þess að bæði kennarar og foreldrar setji lestur í forgang í námi. Einnig töldu foreldrar og kennara að gott samstarf skipti mjög miklu máli þegar kemur að lestrarnámi (Aníta Björk Helgadóttir, 2014).

Viðhorf foreldra til heimalesturs hefur mikil áhrif á þróun lestrarfærni barnsins því er mikilvægt að foreldrar sinni heimalestrinum vel. Í samvinnu við skólana bera foreldrar ábyrgð á þróun lestrargetu barna sinna og þurfa að sýna gott fordæmi varðandi lestrarvenjur. Stærsta áskorun foreldra við upphaf skólagöngu er að styðja barnið í lestrarnáminu. Það er hins vegar ekki alltaf létt að verða við þeirri áskorun en nær ómögulegt er að skorast undan, ef foreldrar vilja að barni þess farnist vel í skólanum.

Flest börn læra færnina „að lesa“, þrátt fyrir ónóga æfingu. Það er hins vegar eins með lestur og aðra lærða iðju, það þarf að æfa sig til að ná góðum tókum á viðkomandi færni. „Börn læra aðeins að lesa með því að lesa, lesa og lesa“. Börn sem eiga erfitt með lestrarnámið þurfa að þjálfa lestur heima á hverjum degi til að ná viðunandi lestrarfærni. Meirihluti barna þarf einnig að æfa sig markvisst heima til að ná góðum leshraða og lestraröryggi eða svokallaðri lesfimi¹. Niðurstöður svokallaðra PISA-rannsókna² hafa sýnt að árangur í lesskilningi hefur versnað á Íslandi frá fyrstu mælingu frá árinu 2000 en einnig hefur samanburður við meðaltal annarra landa orðið óhagstæðari (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Of fáir íslenskir nemendur ná lágmarksfærni og eða góðri færni í lestri, sem er miður, þar sem allt nám byggist á lestir. Þess vegna þurfa allir foreldrar að hjálpa til við heimalesturinn, sérstaklega foreldrar nemenda með lestrarerfiðleika.

Heimalestur í flestum skólum er í mjög föstum skorðum. Mestu kröfurnar eru gerðar til foreldra yngstu barnanna, meðan þau eru að ná valdi á lestrartækninni. En eftir sem ofar dregur í aldri minnka kröfur um skipulagðan heimalestur, þar sem foreldrar bera ábyrgð á að barnið lesi markvisst heima og/eða vinni lestrartengd verkefni. Mikilvægt er að skólar séu með markviss lestrartengd heimaverkefni allan grunnskólann og að foreldrar viti hve mikilvægu hlutverki þeir gegna varðandi heimalesturinn og hvert hlutverk þeirra er þar að

¹ Segja má að lesfimi eða sjálfvirkni í lestri (e. fluency) byggist á tveimur meginþáttum. Annars vegar er sjálfvirk samhæfing á umskráningu, orðaþekkingu og lesskilningi, hins vegar hæfileikinn við að lesa texta á góðum og viðunandi hraða með nákvæmni, sjálfvirkni og viðeigandi hrynjandi og tjáningu. Nákvæmni er að lesa rétt en sjálfvirkni merkir að þekkja framburð og merkingu hvers orðs sem lesið er án þess að þurfa að einbeita sér að umskráningu þess.

² PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn (<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5792>).

lútandi. Góð og markviss samvinna heimilis og skóla er því mjög mikilvæg til að barnið nái fullkominni lestrarfærni.

Talað mál er einn af undirstöðupáttum lesturs því er mikilvægt að foreldrar gefi sér tíma til að styrkja þann þátt. Á dönsku heimsíðunni DINGO Gyldendal

<http://www.dingo.gyldendal.dk/> eru nokkur góð ráð fyrir foreldra til að styðja við

lestrarfærni barna.

Mælt er með að verja 15 mínútum (Lestrarkorter á dag) á hverjum degi til að vinna að lestrartengdum verkefnum með barninu. Það styrki lestraráhugann og lestrarfærnina.

- **Hlusta á barnið**
 - Vertu góður HLUSTANDI!
 - Sögur – frásagnir
 - Rím og romsur
 - Hlusta á mismunandi hljóð í orðum
- **Tala við barnið** - Orðaforði er mikilvægur undirstöðupáttur lesturs/lesskilnings
 - Um bókstafi og hljóð þeirra
 - Um orð; samsett orð og orð í setningum
 - Um merkingu orða
 - Um sögur/bækur
 - Örvíð orðaforða við öll tækifæri, í bíltúrnum, við matarborðið, við sjónvarpið
- **Spila við barnið**
 - Allskonar spil – Lotto, bingo
 - Búið til spil, t.d. samstæðuspil með nöfnum fjölskyldunnar
 - Þroskandi tölvuleikir
- **Lesið fyrir barnið á HVERJUM DEGI**
 - Talaðu um og útskýrðu erfið orð
 - Áður en lesið er - Talaðu um og skoðaðu bókina er – forspá, um hvað fjallar bókina?
 - Á meðan lesið er - Ræða um efni bókarinnar
 - Eftir lesturinn - Ræða um efni bókarinnar
- **Hlusta á lestur barnsins**
 - Barnið þarf að lesa minnst 20 mínútur á dag
 - Eldri börn a.m.k. 10 blaðsíður
 - **LESTUR KREFST MIKILLAR ÆFINGAR**
- **Hlusta á bækur**
- **Mismunandi lestur**
 - Hraðlestur
 - Skimunarlestur
 - Nákvæmnislestur
 - Leitarlestur
- **Sýna áhuga á bókum**
 - Hafið fjölbreyttar bækur á heimilinu – sýnilegar
 - Kaupið bækur
 - Gefið bækur
 - Farið saman á bókasafnið og fáið lánaðar bækur
 - Lesið sjálf (foreldrarnir)
 - Lesið fyrir barnið
 - Spyrjið barnið út í efni bókanna sem það les
 - Talið um bækur, blöð, tímarit og það sem þið lesið í „tölvunni“
 - Ræðið um innihald mismunandi texta

- Vekja athygli á mismunandi bókum/textum
- Horfa á og ræða
 - Um myndir og sjónvarpsefni
 - Heimasíður
- Skrifa
 - Boðskort
 - Bréf
 - SMS
 - Tölvupóst
 - Póstkort
 - Lista
 - Uppskriftir
 - Dagbækur
 - Ferðabækur
 - Samskiptsíður

Mikilvægt er að hafa í huga að heimalestur er þjálfun ekki „kennsla“. Nemendur og foreldrar þurfa að vita til hvers er ætlast af þeim í heimalestrinum (Forældre, en fantastisk læseresurse, 2010 - 2014). Heimalestur á ekki aðeins að snúast um að auka leshraða, hann felst einnig í að auka orðaforða og skilning á tungumálinu og reglum þess. Auk þess á hann að innihalda æfingu við að tileinka sér mismunandi lesskilningsaðferðir. Mikilvægt er þó að heimalesturinn sé hvorki of erfiður eða léttur.

Góð ráð varðandi hefðbundinn heimalestur

- ✓ Láttu barnið lesa upphátt fyrir þig á hverjum degi.
- ✓ Veldu hljóðlátan stað, þar sem engin truflun verður.
- ✓ Um leið og barnið les, vektu þá athygli á rithætti orða, s.s. **rím**; dús, lús, mús. Hjá eldri börnum má t.d. benda á **einfaldan** og **tvöfaldan samhljóða** eða **mismunandi framburð orða** s.s baka/bakka, Malla/malla.
- ✓ Þegar barnið les eitthvað orð rangt, bentu þá á viðkomandi orð og lestu orðið rétt svo að barnið heyri réttan framburð orðsins. **EKKI** láta barnið tafsa lengi á „erfiðu“ orði.
- ✓ Láttu barnið lesa rangt lesna orðið aftur og lesa aftur alla setninguna, til að vera viss um að það skilji samhengið í textanum.
- ✓ Láttu barnið endursegja í sínum orðum frá því sem það las.
- ✓ Til að athuga um lesskilning barnsins, skalt þú stoppa lesturinn af og til, og spyrja út í efni textans, s.s. um persónur, staði, tíma og atburðarrás.
- ✓ Spurðu barnið um hvers vegna persónurnar bregðist við, eins og þær gera í sögunni, og láttu barnið rökstyðja svarið með tilvísun í söguna.
- ✓ Áður en sögunni lýkur skalt þú biðja barnið um að koma með „forspá um sögulokin“ **HVERNIG HELDUR ÞÚ AÐ SÖGUNNI LJÚKI?**

Reading Homework Tips for Parents. (2006).

GANGI YKKUR VEL MEÐ HEIMALESTURINN

Heimildaskrá

Aníta Björk Helgadóttir. (2014). *Árangursríkt lestrarnám byggir á góðu samstarfi skóla og heimilis. Reynsla og upplifun kennara og foreldra*. Sótt 25. júní 2015 af <http://hdl.handle.net/1946/19445>

DINGO - Gyldendal. (Án árs). *Læseråd. For forældrene*. Sótt 25. júní 2015 af <http://www.dingo.gyldendal.dk/>

Forældre, en fantastisk læseresurse. (2012-2014). *Time2learn*. Sótt 22. júní 2015 af <http://time2learn.dk/portfolio/foraeldre-en-fantastisk-laeseresurse/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Reading Homework Tips for Parents. (2006). *U.S. Department of Education*. Sótt 29. júní 2015 af http://www2.ed.gov/parents/academic/involve/homework/part_pg3.html